Alþingiskostnaður hækkar um 1 570 þús. kr. Miðað er við að þinghald standi svipaðan tíma og á síðastliðnu ári, og stafar hækkunin af launahækkunum. Til yfirskoðunar ríkisreikninga hækkar um 5 þús. kr.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið*. Í utanríkisráðuneytinu fækkar um deildarstjóra, en ritari færast í bókaraflokk. Í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins fækkar um fulltrúa, en bætt er við tveim fulltrúum og bókara í viðskiptamálaráðuneyti. Í dómsmálaráðuneyti fækkar starfsfólki um fulltrúa, sem tók $\frac{2}{3}$ launa svo og dyravörð. Ritari í samgöngumálaráðuneyti verður bókari.

II. *Utanríkismál*. Vegna gengisbreytingarinnar hækka laun og annar kostnaður sendiráðanna um 13.15%. Þær breytingar, sem getið verður hér á eftir, stafa því af öðrum ástæðum.

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn*. Lagt er til að laun starfsfólks hækki um 5% vegna vaxandi dýrtíðar í Danmörku. Annar kostnaður hækkar um 55 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London*. Laun lækka vegna fækkunar um sendiráðsritara, en staðaruppbót sendiherra hækkar nokkuð. Annar kostnaður hækkar um 140 þús. kr. vegna aðskilnaðar embættisbústaðar sendiherra og skrifstofu sendiráðsins.

4. *Sendiráðið í Washington*. Annar kostnaður hækkar um 472 þús. kr., en í þessa árs fjárlögum er fjárveiting til kaupa á húsgögnum í sendiherrabústaðinn, sem nú fellur niður.

5. *Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa hjá NATO og OEEC*. Laun hækka um 175 þús. kr., vegna tilfærslna, sem utanríkisráðuneytið telur nauðsynlegar. Hins vegar lækka laun utan launalaga um 146 þús. kr. og annar kostnaður um 79 þús. kr.

6. *Sendiráðið í Osló*. Laun hækka um 55 þús. kr. eða tæp 6% vegna vaxandi dýrtíðar í Noregi. Annar kostnaður hækkar um 345 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar undanfarið.

7. *Sendiráðið í Bonn*. Áætlunin er svo til óbreytt í mörkum, en nokkru hærri í ísl. kr. vegna hækkunar á gengi marksins.

8. *Sendiráðið í Moskva*. Laun annarra starfsmanna en þeirra, sem í launalögum eru, hækka um 45 þús. kr.

III. Tillög til ýmissa alþjóðastofnana eru yfirleitt óbreytt að öðru leyti en því, sem leiðir af gengisbreytingunni. Framlag til gæzluliðs Sameinuðu þjóðanna hækkar umfram það um 433 þús. kr. og nýir liðir eru: Til hinnar Alþjóðlegu framfarastofnunar 324 þús. kr., tillag til Alþjóðasiglingadómstólsins í Haag 238 þús. kr. og kostnaður vegna þingmannasambands NATO 100 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur*. Tekin er upp fjárveiting til viðgerða og endurbóta á dómhúsinu, en geymt fé til þeirra hluta nemur 157 þús. kr.

2. *Saksóknaraembætti ríkisins*. Þetta er nýr liður. Embættið var stofnað með lögum nr. 57-29. marz 1961.

3. *Borgardómaraembættið*. Bætt er við einum fulltrúa. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 64 þús. kr.

4. *Borgarfógetaembættið*. Bætt er við einum ritara. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 136 þús. kr., einkum vegna þess að óhjákvæmilegt þótti að embættið flytti í stærra húsnæði. Annar kostnaður hækkar um 76 þús. kr.

5. *Sakadómaraembættið*. Vegna breytingar á skipan embættisins með lögum nr. 57/1961 fækkar fulltrúum um fjóra, en í staðinn koma jafnmargir sakadómarar, er laun taka eftir IV. flokki launalaga. Til hækkunar koma einnig aldurs- hækkanir ritara, en til lækkunar kemur, að fulltrúi og ritari, er komu í stað eldri

starfsmanna, eru ekki komnir á hámarkslaun. Annar kostnaður hækkar um 130 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík*. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr.

7. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli*. Starfsmannahald er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 10 þús. kr., og annar kostnaður um 15 þús. kr.

8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Bætt er við einum fulltrúa á Húsavík, einum fulltrúa og tveim bókurum í Kópavogi. Annar kostnaður hækkar um 1.4 millj. kr., þar af um 800 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar áður og aukinna verkefna embættanna. Endurgreiðsla frá Tryggingarstofnun ríkisins hækkar um 500 þús. kr.

10. *Lögreglukostnaður*:

a. *Ríkislögregla í Reykjavík*. Gert er ráð fyrir 40 lögregluþjónum og 5 sumar-mönnum. Er það sama og í fjárlögum þessa árs. Einkennisfatnaður og tryggingar lækka um 27 þús. kr. Liðurinn æfingaskáli og gufubaðstofa hækkar um 7800 kr., og áhöld, námskeiðakostnaður o. fl. um 45 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli*. Fækkað er um tvo lögreglumenn. Fæðisstyrkur lækkar um 34 þús. kr. Liðurinn bifreiðakostnaður og tryggingar hækkar um 120 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

c. *Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Einkennisfatnaður og tryggingar lækka um 11 þús. kr.

d. *Til sumarlöggæzlu á Siglufirði* hækkar um 50 þús. kr.

e. *Til sumarlöggæzlu á Raufarhöfn* hækkar um 40 þús. kr.

i. *Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað* hækkar um 25 þús. kr.

o. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* hækkar um 1 millj. kr.

q. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 268 þús. kr.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla*:

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík*. Hjúkrunarkona, sem unnið hefur við hegningarhúsið, hefur látið af starfi og ekki er gert ráð fyrir því að ráða nýja í hennar stað.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni*. Aukavinna hækkar um 75 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar. Annar kostnaður hækkar um 525 þús. kr. Tekjur hækka um 110 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík*. Bætt er við einum fanga-verði. Auk þess verður nokkur hækkun á kostnaði vegna tilkomu nýju fanga-geymslunnar.

13. *Málskostnaður* er óbreyttur, en *endurgreiddur málskostnaður* hækkar um 50 þús. kr.

16. *Laun sjó- og verzlunardómsmanna* hækka um 40 þús. kr.

17. *Kostnaður við störf setu- og varadómara* hækkar um 30 þús. kr.

20. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 8 290 þús. kr. vegna kauphækkana, gengisbreytingar og flokkunar á Ægi, en áætlað er, að hún kosti 3.5 millj. kr. Tekjur eru áætlaðar 500 þús. kr. hærri en áður.

21. *Bifreiðæftirlit ríkisins*. Annar kostnaður hækkar um 300 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

23. *Húsameistari ríkisins*. Bætt er við einum eftirlitsmanni með byggingum og einum ritara. Annar kostnaður hækkar um 320 þús. kr. Enn fremur vex annar kostnaður, þar eð nú er gert ráð fyrir launum tveggja lausráðinna starfsmanna, sem ekki hafði verið áætlað fyrir áður. Tekjur eru áætlaðar 200 þús. kr. hærri en áður.

Um 11. gr. B.

I.—II. *Tollar og skattar*. Kostnaður við innheimtu tolla og skatta er áætlaður óbreyttur frá gildandi fjárlögum, að öðru leyti en því, sem leiðir af kauphækkunum.

III. *Eftirlit með sparisjóðum*. Kostnaður við eftirlit með sparisjóðum lækkar um 37 þús. kr., en eftirlitið var með lögum nr. 10/1960 fengið Seðlabanka Íslands. Gert er ráð fyrir launum til eftirlitsmannsins nokkra mánuði árið 1962.

VI. *Innheimtulaun*. Liðurinn hækkar um 250 þús. kr., bæði vegna of lágrar áætlunar áður svo og þess að tollar og skattar eru áætlaðir hærri en í fjárlögum nú.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið*. Gert er ráð fyrir að starfsliði landlæknisembættis fjölgi um ritara. Annar kostnaður hækkar um 39 þús. kr. Skrifstofan greiðir nú sjálf póst- og símakostnað, en hefur fengið þá kostnaðarliði endurgreidda fram til þessa.

II. *Héraðslæknar*. Gert er ráð fyrir óbreyttri tölu lækna, þ. e. 63 héraðslæknum, 6 aðstoðarlæknum og einum staðgengli.

IV. *Ríkisspítalar*. Gert er ráð fyrir að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 8 191 þús. kr.

A. *Landsspítali* Áætlað er að starfsfólki fjölgi um yfirlækni í rannsóknarstofu og 4 aðstoðarhjúkrunarkonur. Þá er áætlað að stækkun á barnadeild komi til framkvæmda 1. okt. 1962, og af þeim sökum er gert ráð fyrir 26 nýjum starfsmönnum frá þeim tíma, eða: 1 deildarlækni, 2 deildarhjúkrunarkonum, 8 aðstoðarhjúkrunarkonum, 8 hjúkrunarnemum og 7 starfsstúlkum.

Matvörur hækka um 856 þús. kr. vegna stækkunar spítalans og sem afleiðing af hækkuðu verðlagi. Kostnaður við ljósmæðraskólann hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 3 941 þús. kr. Einnig er áætlað að kaupa ný tæki, svokallaðan skyggnimagnara og geislalækningatæki til endurnýjunar á öðru, sem orðið er úrelt.

Tekjur hækka um 3 780 þús. kr. og er miðað við 160 kr. daggjald, sem er hækkun um 20 kr.

Rekstrarhalli hækkar um 5 577 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans*. Starfslið er óbreytt, en fæðiskostnaður hækkar um 171 þús. kr., og annar kostnaður um 284 þús. kr.

Tekjur hækka um 395 þús. kr. og rekstrarhalli um 815 þús. kr.

C. *Hjúkrunarkvennaskóli Íslands*. Starfslið er óbreytt. Fæðiskostnaður hækkar um 36 þús. kr. og annar kostnaður um 122 þús. kr. Tekjur hækka um 70 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 287 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum*. Starfslið er óbreytt. Matvörur hækka um 387 þús. kr. og annar kostnaður um 283 þús. kr. Tekjur hækka um 1 042 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 399 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi*. Starfsliði fjölgar um 2 hjúkrunarkonur. Matvörur hækka um 224 þús. kr. og annar kostnaður um 292 þús. kr. Tekjur hækka um 910 þús. og rekstrarhalli um 25 þús. kr. Stofnuð hefur verið ný deild hjúkrunar- og langlegusjúklinga við hælið, sem hefur þau áhrif að reksturinn verður hagstæðari en ella.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi*. Starfsliði fjölgar um aðstoðarmatráðskonu. Tekjur hækka um 1 550 þús. kr. vegna daggjaldahækkunar um 15 kr. Rekstrarhalli hækkar um 708 þús. kr.

G. *Holdsvæikraspítalinn í Kópavogi*. Rekstrarhalli hækkar um 100 þús. kr.

H. *Fávítahælið í Kópavogi*. Stækkun sú, sem kom til framkvæmda 1. júlí 1961 og hafði áhrif á reksturinn hálf árið í ár, hefur nú áhrif til hækkunar allt árið 1962. Rekstrarhalli hækkar um 218 þús. kr.

I. *Blóðbankinn*. Rekstrarhalli hækkar um 61 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans*. Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 430 þús. kr. og tekjur um 444 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 327 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa* hækkar um 500 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir að rekstrarstyrkur til þriggja sjúkrahúsa hækki úr 15 í 25 kr. á legudag, sbr. lög nr. 31/1960, og að þau njóti sömu kjara og fjórðungssjúkrahúsins.

- VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva* hækkar um 270 þús. kr.
XXIV. *Til námskeiða fyrir embættislækna* lækkar samkv. tillögu landlæknis um 11 þús. kr.
XXV. *Tillag til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar* hækkar um 188 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar og vegna gengisbreytingar.
XXVI. *Framlag til mýraköldusjóðs Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar*, 64 þús. kr., er nýr liður. Er hér um að ræða framlag í eitt skipti fyrir öll.

Um 13. gr. A.

II. *Þjóðvegir*. Framlag til nýrra akvega hækkar um 4 millj. kr. Hefur þótt rétt að flytja á þann lið þær 4 millj. kr., sem ætlaðar eru af atvinnuaukningarfé til samgöngubóta á landi. Liðurinn til atvinnu- og framleiðsluaukningar á 20. gr. lækkar um sömu upphæð. Vegaviðhald hækkar um 6 millj. kr. með hliðsjón af auknum tilkostnaði. Fjárveiting í fjárlögum þessa árs til vegagerðar á Mýrdalssandi að upphæð 4.3 millj. kr. fellur niður.

VI. *Framlag til kaupa á vegavinnuvélum* hækkar um 1 320 þús. kr. Á s. l. ári keypti vegamálastjórnin nokkuð af vélum frá sölunefnd varnarliðseigna, en 1 820 þús. kr. af framlaginu eru ætlaðar til greiðslu afborgana og vaxta af skuld vegna þeirra kaupa.

Fjárveiting til verkstjóranámskeiðs á 13. gr. A. í fjárlögum þessa árs að upphæð kr. 10 þús. fellur niður, en í stað þess er lagt til að upp verði tekinn nýr liður á 16. gr. C., að fjárhæð kr. 221 þús., sbr. lög nr. 49 29. marz 1961.

XIV. *Iðgjöld til slysatrygginga* hækka um 30 þús. kr.

XV. *Gjöld samkvæmt lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna* hækka um 390 þús. kr., þar af um 300 þús. kr. af völdum kauphækkana.

XVI. *Atvinnuleysistryggingagjöld* hækka um 40 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins*. Rekstrarhalli skipaútgerðarinnar er áætlaður óbreyttur, þar sem gert er ráð fyrir að auknum tilkostnaði verði mætt með hækkun far- og farmgjalda.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála*. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 85 þús. kr. Fjárveiting í fjárlögum þessa árs til undirbúnings 10 ára áætlunar um hafnargerðir að upphæð kr. 150 þús. fellur niður, þar sem sú áætlun er nú tilbúin.

II. *Laun vitavarða* hækka um 132 þús. kr., þar af 110 þús. kr. vegna kauphækkana, en 22 þús. kr. vegna fjölgunar vita.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna* hækkar um 2 050 þús. kr., þar af 1 550 þús. kr. vegna vitaskipsins, en gert er ráð fyrir, að nýtt skip komi í janúarmánuði. Fjárveiting í fjárlögum 1961 er miðuð við leiguskip, rekið hluta úr ári.

VI. *Fjárveiting til áhaldakaupa* hækkar um 1 050 þús. kr. vegna sérstakra kaupa á áhöldum af sölunefnd varnarliðseigna, en 1 550 þús. kr. af framlaginu eru ætlaðar til greiðslu afborgana og vaxta af skuld vegna þeirra kaupa.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála*. Starfsmannahald er óbreytt, en aukavinna lækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 183 þús. kr., sumpart vegna aukins húsnæðis í nýja flugturninum á Reykjavíkurlugvelli.

I. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. *Slökkviliðsdeild.* Laun hækka um 187 þús. kr., þar af um 85 þús. kr. vegna tilfærslu á einum starfsmanni, sem áður var talinn undir liðnum IV.a., gæzlumaður flughafna, og lækkar því sá liður um þá upphæð. Annar kostnaður hækkar um 55 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

2. *Flugumferðarstjórn.* Þessi liður er lægri en í fjárlögum þessa árs, sbr. það, er segir um næsta lið.

3. *Radíódeild.* Þetta er nýr liður, sem klofinn er út úr liðnum „flugumferðarstjórn“ eins og hann er í þessa árs fjárlögum.

4. *Flugumsjónardeild.* Á s. l. vetri voru störf flugvélaafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli færð undir flugumsjón og deildirnar þannig sameinaðar. Þessi breyting hefur verulegan sparnað í för með sér, t. d. hefur starfsfólki verið fækkað um 8 manns hjá þessum deildum samtals.

6. *Tryggingargjöld* hækka um 84 þús. kr., einkum vegna of lágrar áætlunar áður.

7. *Viðhald húsa og rekstur rafstöðva* lækkar um 114 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir.* Þessi liður, sem nú er sundurliðaður mun meira en gert hefur verið, hækkar um 496 þús. kr. Að öðru leyti er hækkunin aðallega vegna tilkomu hins nýja flugvallar á Ísafirði. Kostnaður við snjómokstur lækkar um 100 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

A. *Framkvæmdastjórn.* Ráðinn hefur verið nýr radióverkfræðingur. Liðurinn hækkar um 170 þús. kr.

B. *Flugumferðarstjórn:*

1. *Upplýsingaþjónustan.* Laun hækka um 39 þús. kr., þar af um 16 þús. kr. vegna aldurshækkana starfsmanna.

3. *Flugumferðarstjórn, Akureyri.* Laun hækka um 50 þús. kr., þar af um 15 þús. kr. vegna aldurshækkana.

5. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum.* Ráðinn hefur verið flugumferðarstjóri, en laun hans voru áður færð að hálfu á flugvöllinn.

IX. *Loftferðaeftirlit.* Liðurinn „til flugskráningar“ hækkar um 185 þús. kr., þar sem framlengdir hafa verið samningar við brezka fyrirtækið Air Registration Board, og nemur þóknunin nú £ 2500.

X. *Alþjóðaflugþjónustan.*

1. Flugumferðarstjórn hækkar um 8.8 millj. kr., aðallega vegna leigu á tækjum í nýja flugturninn. Ísland greiðir aðeins 8.5% af þessum kostnaði. Hitt greiðir Alþjóðaflugmálastofnunin.

Tekjur af Reykjavíkurflugvelli hækka um 500 þús. kr., tekjur af Keflavíkurflugvelli um rúmar 4 millj. kr. og tekjur af öðrum flugvöllum um 50 þús. kr. Þessi tekjuaukning jafngildir þeim hækkunum, sem orðið hafa á gjaldaliðum flugmálanna, þannig að halli á ekki að aukast frá því sem er í fjárlögum í ár.

Um 13. gr. E.

1. *Almenn veðurþjónusta:*

A. *Yfirstjórn og skrifstofa.* Fyrirhugað er, að norrænt veðurfræðingamót verði haldið í Reykjavík árið 1962. Kostnaður við það er áætlaður 50 þús. kr.

C. *Loftskeytadeild.* Fækkað er um tvo loftskeytamenn. Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 177 þús. kr.

3. *Veðurþjónusta vegna millilandaflegs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra svo til óbreytta inn í frumvarpið, enda er hún í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins*. Starfsmannahald er áætlað óbreytt, en aukavinna hækkar um 250 þús. kr., þar sem lausráðnum starfsmönnum hefur fjölgað vegna aukinna viðskipta skrifstofunnar. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum, og er það gert með hliðsjón af afkomu stofnunarinnar s. l. ár.

II. *Skipaskoðun ríkisins*. Ferðakostnaður hækkar um 30 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 200 þús. kr. hærri en áður, þar eð gert er ráð fyrir gjaldskrárbreytingu.

III. *Stýrimannaskólinn*. Liðurinn stundakennsla og prófkostnaður hækkar um 164 þús. kr., bæði vegna kauphækkana og lengingar kennslutíma í 1. bekk farmannaeildar, en það veldur því, að ekki er unnt að hafa fiskimenn og farmenn á fyrsta vetri í deild saman eins og áður var gert. Húsaleiga hækkar um 14 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 50 þús. kr.

IV. *Sjómannaskólahúsið*. Annar kostnaður hækkar um 186 þús. kr., þar af um 125 þús. kr. vegna efnahagsaðgerða. Tekjur hækka á móti og eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

VI. *Til landmælinga*. Annar kostnaður hækkar um 125 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar*:

1. *Sjómælingar*. Útgerð sjómælingabáts hækkar um 100 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr.

X. *Framlag til byggingar umferðarmiðstöðvar í Reykjavík* lækkar um 500 þús. kr.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn*. Auk hinnar almennu launahækkunar, hækka laun við háskólann um 190 þús. kr. Er hér um að ræða laun prófessors í viðskiptafræðum, sem ekki eru talin í gildandi fjárlögum, laun kennara í lögum, sem tekið hefur hluta af kennslustörfum rektors, laun eins dósentis og eins sendikennara. Stundakennsla og landmælingar hækkar um 148 þús. kr. og eru liðirnir nú áætlaðir í tvennu lagi. Til tannlæknastofu hækkar um 43 þús. kr. og kennsla í lyfjafræði lyfsala um 41 þús. kr. Til eðlisfræðirannsókna hækkar um 59 þús. kr. Til bóka-kaupa er nýr liður, 150 þús. kr., og einnig 15 þús. kr. til námskeiðs í uppeldisfræðum.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum*. Starfsliði fjölgar um sérfræðing og aðstoðarstúlku við rannsóknir. Annar kostnaður hækkar um 257 þús. kr. og tekjur hækka um 455 þús. kr.

c. *Til handritastofnunar við Háskóla Íslands*, 510 þús. kr., er nýr liður. Er miðað við að starfsfólk verði forstöðumaður og tveir aðstoðarmenn. Þá er gert ráð fyrir þremur 50 þús. kr. rannsóknarstyrkjum, auk 75 þús. kr. rekstrarfjár.

II. *Styrktar- og lánsfé til handa íslenskum námsmönnum* er hækkað um 683 þús. kr. vegna gengisbreytingar.

III. *Fræðslumálastjóraembættið*. Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 123 þús. kr., m. a. vegna þess að gert er ráð fyrir að skrifstofan þurfi að flytja í annað húsnæði.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík*. Kennurum fjölgar um einn, en stundakennsla hækkar um 665 þús. kr., m. a. vegna þess að bekkjardeildum fjölgar um sex. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 78 þús. kr. og viðhald um 69 þús. kr. Prófkostnaður hækkar um 41 þús. kr. og annar kostnaður um 37 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri*. Tala kennara er óbreytt. Stundakennsla hækkar um 150 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 52 þús. kr. og annar kostnaður um 32 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni*. Stundakennsla lækkar nokkuð, en hiti, ljós og ræsting hækkar um 45 þús. kr. Prófkostnaður lækkar um 4 þús. kr., en

til bókakaupa og áhalda hækkar um 5 þús. kr. Viðhaldskostnaður er nú áætlaður sérstaklega, en var áður í öðrum kostnaði.

VII. *Kennaraskólinn*. Áætlunin er óbreytt að öðru leyti en því, að hiti, ljós og ræsting hækkar um 276 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir að skólinn flytji í nýtt húsnæði á árinu 1962. Hins vegar fellur niður kostnaður við húsnæði utan skólans, 140 þús. kr.

VIII. *Vélskólinn*. Kennurum fækkar um einn, og stundakennsla lækkar um 14 þús. kr. Hins vegar hækkar húsaleiga um 64 þús. kr., vegna aukins húsnæðis í hinum nýja vélasal skólans.

IX. *Iðnfræðsla*.

1. *Iðnskólinn í Reykjavík*. Kennurum fjölgar um 3 vegna nemendafjölgunar og aukinnar verklegrar kennslu. Stundakennsla hækkar um 178 þús. kr. og annar kostnaður um 356 þús. kr. Þar í er 150 þús. kr. fjárveiting vegna þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar eru á starfsemi Iðnskólans í Reykjavík, þannig að skólinn verði framvegis flokkaður í deildir eftir iðngreinum, tekinn verði upp fastur meistaraskóli fyrir húsasmiði og múrara, og að komið verði á fót framhaldsnámskeiði fyrir útskrifaða iðnsveina eftir því sem þörf gerist á hverjum tíma.

2. *Til iðnskóla utan Reykjavíkur*. Sú breyting verður á iðnskólum utan Reykjavíkur, að iðnskólarnir á Akureyri og Akranesi breytast úr kvöldskóla í dag-skóla og einum kennara er bætt við kennaralið hvors skóla. Skólastjórar taka nú full laun í stað hluta úr launum. Veldur þetta hækkun um 243 þús. kr. Stundakennsla og annar kostnaður hækkar um 126 þús. kr.

3. *Til listiðnaðardeildar Handiðaskólans*. Kennurum fjölgar um einn og stundakennsla og annar kostnaður hækkar um 73 þús. kr.

X. *Almenn barnafræðsla*. Framlög til barnafræðslu hækka alls um 17 333 þús. kr. frá fjárlögum 1961. Samtals hækka laun barnakennara um 10 767 þús. kr., bæði vegna hinna almennu launahækkana og vegna fjölgunar kennara um 53. Laun ráðskvænna hækka um 190 þús. kr., m. a. vegna fjölgunar heimavistarskóla um tvo. Kostnaður vegna stundakennslu, tví- og þrískipunar í skólahúsnæði hækkar um 660 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður hækkar um 3 167 þús. kr.

Til framkvæmda sundskyldu hækkar um 199 þús. kr., og framlag til byggingar skóla og íbúða fyrir skólastjóra hækkar um 2 325 þús. kr. Þá hækkar framlag til kennaranámskeiða um 25 þús. kr., en samsvarandi liður fellur niður hjá gagnfræðamenntuninni, svo hér er aðeins um tilfærslu að ræða.

XI. *Gagnfræðamenntun*. Framlög til gagnfræðamenntunar hækka alls um 8 564 þús. kr.

Laun gagnfræðaskólakennara hækka alls um 6 650 þús. kr., bæði vegna almennrar launahækkunar og fjölgunar kennara um 36. Stundakennsla, umsjón, tví- og þrískipun í skólahúsnæði hækkar um 430 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður hækkar um 1 236 þús. kr. Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 193 þús. kr.

Kostnaður við miðskólapróf í bóknámsdeild hækkar um 12 þús. kr., og kostnaður við mótornámskeið Fiskifélagsins hækkar um 8 þús. kr. Þá kemur inn nýr liður, 60 þús. kr. til listkynningar í skólum, sem ekki er ný fjárveiting, þar eð kostnaður þessi hefur verið greiddur af öðrum skólakostnaði. Einn liður 25 þús. kr. til námskeiða fyrir kennara flyzt yfir á barnafræðsluna, sbr. síðasta lið hér að framan.

XII. *Stofnkostnaðarframlag vegna barna- og gagnfræðaskólabygginga, er fullsmíðaðar voru 1954*, lækkar um 448 þús. kr., og er þá lokið greiðsluskyldu ríkissjóðs varðandi þær framkvæmdir.

XV. *Til íþróttamála*. Annar kostnaður íþróttakennaraskólans hækkar um 21 þús. kr. og til Íþróttasambands Íslands um 45 þús. kr. Tveir liðir, til Axels Andréssonar og til Ólympíunefndar, falla niður.

XVI. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja*. Til stundakennslu er nýr liður

58 þús. kr. vegna þess að einn kennari hefur leyfi frá störfum með launum. Fæðis-
kostnaður hækkar um 30 þús. kr. og kaup starfsstúlkna um 72 þús. kr., m. a.
vegna of lágrar áætlunar.

XXV. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 150
þús. kr. vegna of lágrar áætlunar.

XXXIV. *Námsstjórar*. Annar kostnaður námsstjóra hækkar um 92 þús. kr.,
meðal annars vegna of lágrar áætlunar, og skrifstofukostnaður fræðslustjóra í
Reykjavík hækkar um 49 þús. kr.

XXXV. *Endurskoðun skólakostnaðar*. Annar kostnaður hækkar um 51 þús. kr.

XXXVI. *Til ríkisútgáfu námsbóka* hækkar um 250 þús. kr. vegna hækkunar
á prentkostnaði.

XXXVII. *Til upptökuheimilis í Elliðahvammum* hækkar um 108 þús. kr.,
m. a. vegna of lágrar áætlunar á þessa árs fjárlögum.

XL. *Til eftirlits með veikindaförföllum* er nýr liður, 15 þús. kr.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið*. Starfslið er óbreytt að öðru leyti en því að nú fellur
niður fjárveiting til launa staðgengils, sem gert er ráð fyrir í þessa árs fjárlögum.
Til skráningar íslenskra kvæða er nýr liður, 30 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafn*. Starfslið er óbreytt. Inn koma tveir nýir liðir, 5 þús. kr.
til afritunar á manntölum og 25 þús. kr. til að gera mikrofílmur af skjölum.

IV. *Listasafn Íslands*. Samþykkt hafa verið ný lög um Listasafn Íslands.
Samkvæmt þeim hækka laun forstöðumanns safnsins úr VII. launaflokki í V.
launaflokk.

V. *Náttúrugripasafnið*. Starfsmannahald er óbreytt. Til kaupa á náttúru-
gripum o. fl. hækkar um 50 þús. kr.

X. *Safnahúsið*. Til málningar hússins lækkar um 47 þús. kr.

XI. a. *Framlag til bókasafna*. Til bæjar- og héraðsbókasafna hækkar um
15 þús. kr. og til sveitabókasafna og lestrarfélaga hækkar um 20 þús. kr.

b. *Styrkir til bókasafna o. fl.* Til kennslukvikmyndasafns hækkar um 50
þús. kr., skv. lögum nr. 54/1961.

XII. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Hér koma inn tveir nýir liðir, 70 þús. kr.
til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og 30 þús. kr. til útgáfu á Scandinavia,
International Journal of Scandinavian Studies. Til norræna sumarháskólans hækka-
ar um 10 þús. kr.

XLII. *Til tónlistarstarfsemi*. Til Tónlistarskólans í Reykjavík hækkar sem
svarar launum eins kennara við skólann.

LX. *Til Nínu Sæmundsson*, 12 þús. kr., er nýr liður.

LXIV. *Til Listasafns Einars Jónssonar*. Til viðhalds og endurbóta hækkar
um 100 þús. kr.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið*. Skrifstofukostnaður lækkar um 5 þús. kr., en ferða-
kostnaður biskups hækkar um 10 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta*. Laun hækka um 1.6 millj. kr. að lang-
mestu leyti vegna hinnar almennu kaupupphótar, þó eru um 167 þús. kr. vegna
aukaþjónustu og breytinga á skipan prestakalla, forfallaþjónustu og aldurshækk-
ana. Fjárveiting til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum hækkar um
430 þús. kr. Hefur fjárveiting í þessu skyni undanfarið verið allt of lág. Tekin
er upp 15 þús. kr. fjárveiting til endurbyggingsjóðs útihúsa á prestssetrum (sbr.
28. gr. laga nr. 38/1947).

III. *Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar*. Ferðakostnaður hækkar um 5 þús. kr.

VI. *Kostnaður við Kirkjuráð* (sbr. 17. gr. laga nr. 43/1957) er nýr liður,
10 þús. kr.

XII. *Árgjald þjóðkirkjunnar til erlendra kirkjusambanda og annar kostnaður í sambandi við þátttöku í þeim hækkar um 10 þús. kr.*

XIII. *Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi hækkar um 20 þús. kr.*

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands hækkar um 560 þús. kr., eða sem svarar auknum reksturskostnaði félagsins vegna launahækkunar og gengisbreytingarinnar.*

14. *Framlag samkvæmt lögum nr. 48/1957, um landnáðm, ræktun og byggingar í sveitum nemur í fjárlögum í ár 15 600 þús. kr., en breytist á næsta ári, skv. breytingu á þeim lögum (lög nr. 64/1961), og nemur árið 1962 18 600 þús. kr. eða hækkar um 3 millj. kr.*

20. *Til fyrirhleðslu í Kotá í Öræfum lækkar samkv. áætlun vegamálastjóra um 50 þús. kr.*

29. *Veðimálaskrifstofan. Kostnaður við eldistilraunir lækkar um 45 þús. kr.*

36. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir. Bætur vegna fjárfögunar, uppeldisstyrkir og aðrar bætur og styrkir lækka um 1 695 þús. kr., en viðhald girðinga og endurbætur hækkar um 200 þús. kr. Til niðurgreiðslu á vöxtum lækkar um 20 þús. kr.*

44. *Búnaðarkennsla. Áætlunin er nær óbreytt frá fjárlögum í ár, nema breytingar, sem leiðir af kauphækkunum. Til undirbúnings framhaldsnáms við bændaskólann á Hvanneyri er nýr liður, 25 þús. kr.*

45. *Húsmæðrafræðsla utan kaupstaða. Nokkrar tilfærslur eru milli einstakra liða og er þar farið eftir áætlun endurskoðunarskrifstofu skólakostnaðar.*

54. *Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði lækkar um 50 þús. kr.*

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands hækkar um 584 þús. kr., en það er sú hækkun á rekstrarkostnaði félagsins, sem áætlað er að leiði af kauphækkunum.*

12. *Vextir af bráðabirgðalánunum sildveiðideildar hlutatryggingarsjóðs lækkar um 95 þús. kr.*

14. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum:*

a. *Fiskmat. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna lækkar um 35 þús. kr., en ferðakostnaður hækkar um 162 þús. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum í ár.*

Um 16. gr. C.

2. *Til Iðnaðarmálastofnunar Íslands hækkar um 162 þús. kr. til að mæta auknum rekstrarkostnaði vegna kauphækkana.*

5. *Til iðnfræðsluráðs hækkar um 9 þús. kr.*

15. *Til verkstjóranámskeiða er nýr liður, 221 þús. kr., en á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um verkstjóranámskeið, lög nr. 49/1961.*

Um 16. gr. D.

II. *Til undirbúningsrannsóknna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir. Fast starfslið er áætlað óbreytt. Mælingar og áætlunargerð hækka frá fjárlögum nú um 14 millj. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum. Endurgreiðslur og framlög lækka um 2 240 þús. kr., en framlag úr raforkusjóði hækkar um 4 070 þús. kr. Það sem á vantar, til að standa undir gjöldum, 12 440 þús. kr., er áætlað að taka að láni.*

III. *Rafmagnsveitur ríkisins. Breyting er nú gerð á uppsetningu þessa liðar í fjárlögum, samkv. tillögu raforkumálastjóra. Hingað til hefur ekki verið sýndur aukningarkostnaður rafmagnsveitnanna, að öðru leyti en hlutdeild þeirra í launum, skrifstofukostnaði og öðrum almennum kostnaði, það er, að gjaldamegin hefur vantað alveg beinan kostnað við aukningar, aðeins sýnd hlutdeild aukninganna í sameiginlegum kostnaði. Tekjumegin hefur á sama hátt vantað framlög*

rikisins til héraðsveitnanna, heimtaugargjöld notenda og lántökur til aukninga, þannig að fjárlögin hafa aðeins sýnt hluta af rekstri rafmagnsveitnanna, en hér er veltan sýnd í heild.

VII. *Rafmagnseftirlit rikisins*. Miðað er við óbreytt starfslið frá fjárlögum í ár. Skrifstofukostnaður hækkar um 298 þús. kr. og annar kostnaður um 470 þús. kr. Þá kemur nýr liður gjaldamegin, flutt á höfuðstól, 1 042 þús. kr., sem er rekstrarafgangur deildarinnar. Tekjur hækka um 1 973 þús. kr. frá fjárlögum nú.

X. *Jarðhitasjóður*. Hér kemur inn framlag til jarðhitasjóðs, 6 millj. kr., en á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um jarðhitasjóð og jarðboranir rikisins, nr. 55/1961. Er áætlað að framlag þetta renni til jarðhitadeildar raforkumálastofnunarinnar og er það jafnhátt hinu heina framlagi, sem er í fjárlögum í ár.

XI. *Jarðhitadeild*. Skrifstofukostnaður jarðhitadeildar hækkar um 186 þús. kr. og rannsóknarkostnaður um 9 650 þús. kr., en gert er ráð fyrir allmikið auknum rannsóknum á þessu sviði, annars vegar eru auknar rannsóknir á jarðhita almennt og hins vegar ksilgúrrannsóknir við Mývatn. Áhaldakaup í þessu sambandi hækka um 905 þús. kr. Rekstrarkostnaður jarðbora hækkar frá fjárlögum um 20 millj. kr., en hér er þó ekki að öllu leyti um aukin útgjöld að ræða, heldur breytta uppsetningu. Rekstrarkostnaður gufuborsins er nú áætlaður hér allur og hluti Reykjavíkurbæjar af kostnaðinum, 10 millj. kr., kemur á móti sem tekjur. Áður var einungis sýndur hluti ríkissjóðs af kostnaðinum. Þá er nú í fyrsta sinn gert ráð fyrir rekstri hins nýja jarðbors fyrir Norðurland og hefur það að sjálfsögðu í för með sér aukinn kostnað.

Tekjur eru seld reikningsverk 1 millj. kr., að verulegu leyti kostnaður við virkjanarannsóknir, framlög 16 millj. kr., þ. e. 10 millj. kr. frá Reykjavíkurbæ vegna jarðborsins og 6 millj. kr. úr jarðhitasjóði og lánsfé 21 150 þús. kr., sem á vantar til að standa undir kostnaði við deildina.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild háskólans*.

1. *Iðnaðardeild*. Starfsliði fjölgar um gerlafræðing, sem tekur laun í 7½ mánuð á árinu 1962. Aðrir kostnaðarliðir hækka einungis sem svarar auknum rekstrarkostnaði vegna efnahagsaðgerða.
2. *Fiskideild*. Starfsliði fjölgar um 2 fiskifræðinga, en annar þeirra kemur þó ekki á laun fyrr en á miðju ári 1962.
3. *Búnaðardeild*. Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 284 þús. kr., m. a. vegna þess að rekstrarfé deildarinnar hefur reynzt of lítið undanfarið.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál*:

1. *Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaborpa*. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum. Eftirfarandi liðir falla niður: Til vatnsborana í Kelduhverfi, 125 þús. kr. í fjárlögum nú, til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum 150 þús. kr., til vatnsborana á Hellnum 50 þús. kr. og loks til jarðhitaborana í Ólafsfirði samkvæmt lögum nr. 98/1940, síðari greiðsla, 85 þús. kr.

II. *Húsnæðismál*:

4. *Til teikninga á verkamannaibúðum* lækkar um 100 þús. kr.

III. *Vinumál*:

3. *Framlag til vinnumiðlunar* lækkar um 100 þús. kr.
9. *Kostnaður við framkvæmd orlofslaga* hækkar um 200 þús. kr.
10. *Framlag til I.L.O.* hækkar um 98 þús. kr., þar af um 65 þús. kr. vegna gengisbreytingar.

IV. *Almannatryggingar:*

1. *Framlag til lífeyristrygginga* hækkar um 42.8 millj. kr.
2. *Framlag til sjúkratrygginga* er áætlað hækka um 15.5 millj. kr., þar af um 7.5 millj. kr. vegna væntanlegra hækkana á sjúkrasamlagsiðgjöldum vegna hækkaðra daggjalda á sjúkrahúsum og hækkaðs lyfjaverðs. Hinn hluti hækkunarinnar stafar aðallega af of lágrí áætlun í fjárlögum þessa árs.

Samkvæmt lögum nr. 29/1956 er framlag ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga áætlað 28.5 millj. kr. á árinu 1962. Þá er ætlun ríkisstjórnarinnar að greiða framlagið að þessu sinni með skuldabréfum til nokkurra ára, þar eð sjóðurinn er orðinn það fjárhagslega öflugur, að hann þarf ekki á reiðu fé að halda, og er þetta framlag því ekki áætlað hér.

V. *Önnur félagsmál:*

1. *Ríkisfrámfærsla sjúkra manna og örkumla* hækkar um 6.2 millj. kr.
 - a. *Styrkur til berklasjúklinga* hækkar um 778 þús. kr. vegna hækkunar á daggjöldum ríkisfrámfærslusjúklinga í hælum um kr. 15 og í Landsspítala og hliðstæðum sjúkrahúsum um kr. 20.
 - e. *Annar kostnaður* hækkar um 45 þús. kr.
 - f. *Styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga* hækkar um 5.3 millj. kr., þar af um 4.5 millj. kr. vegna áðurnefndrar hækkunar daggjalda á hælum og sjúkrahúsum. Að öðru leyti stafar hækkunin aðallega af fjölgun sjúklinga.
2. *Önnur ríkisfrámfærsla:*
 - a. Gjöldin eru áætluð 200 þús. kr. hærri en áður vegna of lágrar áætlunar og vaxandi útgjalda.
 - d. Greiðsla með börnum erlendra manna hækkar um 100 þús. kr.
13. *Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:*
 - a. *Styrkur til Rauða Kross Íslands* hækkar um 20 þús. kr. Þessi upphæð er ætluð til greiðslu þátttökugjalds til alþjóða Rauða Krossins, og hefur hún verið veitt félaginu undanfarin 3 ár, en verið færð á 19. gr.

Um 18. gr.

II. *Eftirlaun.* Gert er ráð fyrir að greiða eftirlaunabegum á 18. gr. I. og II. uppbót á lífeyri í samræmi við almenna launahækkun. Er sú upphæð áætluð í einu lagi, 1 027 þús. kr.

III. *Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955* er áætlað 18 200 þús. kr. eða hækkar um 3 700 þús. kr. Árið 1960 varð þessi liður 14.2 millj. Þegar tekið er tillit til eðlilegrar starfsmannafjölgunar og þeirra kauphækkana, sem orðið hafa, verður liðurinn 18.2 millj. kr.

IV. *Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna* hækkar um 50 þús. kr.

V. *Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og visitöluuppbóta á lífeyri* hækkar frá fjárlögum um 2 500 þús. kr.

Um 19. gr.

Greinin í heild lækkar um 7.4 millj. kr. Liðirnir: Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, eru nú sameinaðir í einn lið og lækka samtals um 14.9 millj. kr. Athugun og endurskoðun fer nú fram á þessum liðum, og þykir rétt á þessu stigi að áætla liðina samtals 300 millj. kr. Útgjöld samkvæmt 22. og 25. gr., sem áður var 24. gr., hækka um 2 millj. kr. Sömu leiðis hækka fyrningar um 2 millj. kr. Loks hækka óviss útgjöld um 3.5 millj. kr., en þau hafa lengi verið of lágt áætluð í fjárlögum.

Um 20. gr.

Út. I. *Afborganir af lánunum ríkissjóðs* eru taldar nema 12 559 þús. kr. eða lækka um 284 þús. kr. Til afborgana af láni landssímans, 2 millj. kr., fellur nú niður, þar eð landssíminn stendur nú sjálfur straum af þeim.

- VI. *Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna* hækkar um 225 þús. kr. vegna gengisbreytingarinnar.
- XVI. *Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara* hækkar um 237 þús. kr.
- XXII. *Til atvinnu- og framleiðsluaukningar* lækkar um 4 millj. kr., þar eð þær 4 millj. kr., sem ætlaðar voru til samgöngubóta á landi, eru fluttar á 13. gr. A., sbr. greinargerð um þann lið.
- XXIX. *Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti* lækkar um 175 þús. kr.
- XXXI. *Til byggingar vitaskips* er nýr liður, 1 130 þús. kr.

Um 22. gr.

- XXII. Heimild þessi er ný og tekin upp til að koma áfram byggingu kennarskólahússins nýja.
- XXIII. Ríkisstjórnin vill, með því að taka heimild þessa upp í fjárlög, stuðla að því að togarinn Bjarni Ólafsson verði áfram gerður út frá Akranesi, en á s. l. ári keypti stofnlánadeild sjávarútvegsins togarann á uppboði.

Um 23. gr.

Leitað er hér heimildar Alþingis til að greiða starfsmönnum ríkisins upp-
bætur á laun með hliðsjón af þeim almennu kauphækkunum, sem orðið hafa í
landinu.

Um 24. gr.

Í þessari grein felst heimild til að greiða uppætur á lífeyri til samræmis við
hinar almennu launahækkunarir.

Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1962.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Póstur og sími:			
	Póst- og símamálastjóri	1	II.	kr. 119 292
				kr. 119 292
	Rekstrardeild:			
	Rekstrarstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Aðalgjaldkeri	1	VII.	— 85 772
	Aðalbókari	1	VII.	— 85 772
	Umferðarmálafulltrúi	1	VII.	— 85 772
	Póstmálafulltrúi	1	VII.	— 85 772
	Fulltrúar	16	VIII.—IX.	— 1 258 002
	Bókarar	8	X.—XI.	— 551 396
		29		kr. 2 251 873
	Hagdeild:			
	Hagdeildarstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Aðalendurskoðandi	1	VII.	— 85 772
	Viðskiptafræðingur	1	VII.	— 85 772
	Fulltrúar	5	VIII.—IX.	— 390 743
	Bókarar	6	X.—XI.	— 400 274
	Rítarar	2	XIII.	— 110 708
		16		kr. 1 172 656
	Símatæknideild:			
	Skrifstofa:			
	Yfirverkfræðingur	1	IV.	kr. 107 556
	Fulltrúar	2	VIII.—IX.	— 155 208
		3		kr. 262 764
	Teiknistofa:			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 80 327
	Aðalteiknari	1	IX.	— 74 881
	Teiknari	1	X.	— 70 117
		3		kr. 225 325
	Birgðahúsið:			
	Birgðastjóri	1	VII.	kr. 85 772
	Fulltrúi	1	VIII.	— 80 327
	Efnisverðir	2	IX.—X.	— 144 997
	Bókarar	2	X.—XI.	— 134 786
	Verkstjóri	1	X.	— 70 117

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Línumaður	1	XI.	— 64 671
	Bifreiðastjóri	1	XI.	— 64 671
		9		kr. 645 341
Viðhald síma:				
	Símafræðingur	1	VII.	kr. 85 772
	Fulltrúar	3	VIII.—IX.	— 235 535
	Símaverkstjóri	1	VIII.	— 80 327
	Símritari	1	IX.	— 74 881
	Línuverkstjórar	8	X.	— 560 924
	Umsjónarmaður	1	X.	— 70 117
	Línumenn	11	XI.	— 711 373
	Bifreiðastjóri	1	XI.	— 64 671
		27		kr. 1 883 600
Viðbót og viðhald stöðva:				
	Símaverkstjóri	1	VIII.	kr. 80 327
	Símvirki	1	X.	— 70 117
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 70 117
		3		kr. 220 561
Ritsímaverkstæðið:				
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 80 327
	Iðnaðarmenn	4	X.	— 280 462
	Línumenn	1	XI.	— 64 671
		6		kr. 425 460
Skiptiborðaverkstæðið:				
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 80 327
	Símvirklar	6	IX.—X.	— 495 574
	Línumenn	2	XI.	— 129 340
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 70 117
		10		kr. 775 358
Landsímahúsið:				
	Húsvörður	1	XII.	kr. 60 900
		1		kr. 60 900
Radiotæknideild:				
Skrifstofan:				
	Yfirverkfræðingur	1	VI.	kr. 107 556
	Fulltrúi	1	VIII.	— 80 327
		2		kr. 187 883

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Loftskeytastöðin:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	kr. 80 327
	Símritarar	4	IX.—X.	— 294 760
	Talsímakonur	2	XII.—XIII.	— 116 254
		7		kr. 491 341

Stuttbylgjustöðin:

Deildarstjóri (½ laun)	1	VII.	kr. 42 886
Stöðvarstjóri	1	VIII.	— 80 327
Varðstjóri	1	VIII.	— 80 327
Símritarar	3	IX.	— 219 878
Loftskeytamaður	1	X.	— 70 117
Símvirkjar	3	IX.	— 187 204
Bókari	1	XI.	— 64 671
Fjarritari	1	XIII.	— 55 354
	12		kr. 800 764

Radioflugþjónustan Gufunesi:

Deildarstjóri (½ laun)	1	VII.	kr. 42 886
Fulltrúi	1	VIII.	— 80 327
Varðstjórar	5	VIII.	— 401 633
Símritarar	37	IX.—X.	— 2 609 947
Loftskeytamenn	4	X.	— 247 891
Símvirkjar	2	IX.	— 112 322
Iðnaðarmaður	1	X.	— 70 117
	50		kr. 3 565 123

Rjúpnahæðarstöðin:

Stöðvarstjóri	1	VIII.	kr. 80 327
Símvirkjar	9	IX.	— 673 934
Loftskeytamaður	1	IX.	— 74 881
Iðnaðarmenn	2	X.	— 140 231
	13		kr. 969 373

Radioverkstæðið:

Símafræðingur	1	VII.	kr. 85 772
Símaverkstjórar	2	VIII.	— 160 653
Fulltrúar	2	IX.	— 149 763
Bókari	1	X.	— 70 117
Símvirkjar	16	IX.—X.	— 1 159 976
Iðnaðarmenn	4	X.—XII.	— 271 247
	26		kr. 1 897 528

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Radioeftirlit:			
	Fulltrúar	2	VIII.—IX.	kr. 155 208
		2		kr. 155 208
	Viðhald síma (radio):			
	Línuverkstjóri	1	X.	kr. 70 117
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 70 117
	Loftnetsmaður	1	XI.	— 64 671
		3		kr. 204 905
	Loranstöðvarnar:			
	Stöðvarstjórar	2	VIII.	kr. 160 653
	Símvirklar	7	IX.—X.	— 500 340
	Loftskeytamaður	1	X.	— 70 117
	Vélgæzlumaður	1	X.	— 70 117
	Tækjagæzlumenn	4	XI.	— 258 681
		15		kr. 1 059 908
	Ritsímastöðin í Reykjavík:			
	Yfirvarðstjórar	2	VIII.	kr. 160 653
	Varðstjórar	3	VIII.	— 240 980
	Símritarar	10	IX.—X.	— 739 283
	Fulltrúi	1	IX.	— 74 881
	Aðstoðarmaður	1	X.	— 70 117
	Loftskeytamaður	1	XI.	— 61 947
	Starfsstúlkur	2	XIII.	— 105 374
		20		kr. 1 453 235
	Talsímaafgreiðsla ritsímans:			
	Bókari	1	XI.	kr. 64 671
	Starfsstúlkur	4	XIII.	— 216 081
		5		kr. 280 752
	Skeytamóttakan:			
	Bókari	1	XI.	kr. 64 671
	Skeytaskráritarar	2	XI.	— 129 340
	Starfsstúlkur	2	XII.—XIII.	— 110 920
		5		kr. 304 931
	Skeytaútsending:			
	Yfirsendingumenn	2	XI.	kr. 129 340
	Sendingumenn	8	XII.	— 487 203
		10		kr. 616 543

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Skrifstofa ritsímastjóra:			
	Ritsímastjóri	1	VI. kr.	91 220
	Fulltrúi	1	VIII. —	80 327
	Bókarar	4	XI. —	258 681
		6		kr. 430 228
	Langlínumiðstöðin:			
	Yfirvarðstjórar	2	X. kr.	140 231
	Varðstjórar	2	XI. —	129 340
	Eftirlitsmenn	2	XI. —	129 340
	Talsímakonur	64	XII.—XIII. —	3 537 628
	Næturvörður	1	XI. —	64 671
		71		kr. 4 001 210
	Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði:			
	Bæjarsímstjóri	1	VI. kr.	91 220
	Símafræðingur	1	VII. —	85 772
	Umsjónarmaður	1	VII. —	85 772
	Fulltrúar	9	VIII.—IX. —	706 605
	Innheimtugjaldkeri	1	VIII. —	80 327
	Símaverkstjórar	4	VIII. —	321 307
	Verkstjóri	1	IX. —	74 881
	Símverkjar	19	IX.—X. —	1 343 092
	Bókarar	12	X.—XI. —	797 824
	Iðnaðarmenn	2	X. —	140 231
	Aðstoðargjaldkerar	4	X.—XI. —	275 016
	Næturvörður	1	XI. —	64 671
	Teiknarar	2	X. —	140 231
	Línuverkstjórar	3	X. —	210 346
	Línumenn	27	XI. —	1 746 098
	Ritari	1	XIII. —	55 354
	Talsímakonur	6	XII.—XIII. —	340 762
		95		kr. 6 559 509
	Hafnarfjörður:			
	Símstjóri	1	VIII. kr.	80 327
	Símverkjaverkstjóri	1	VIII. —	80 327
	Bókari	1	IX. —	64 671
	Talsímakonur	3	XIII. —	166 061
		6		kr. 391 386
	Pósthúsið í Reykjavík:			
	Póstmeistari	1	VI. kr.	91 220
	Deildarstjórar	3	VII. —	257 315
	Aðalgjaldkeri	1	VII. —	85 772
	Póstvarðstjórar	4	VIII. —	321 307
	Fulltrúar	22	VIII.—IX. —	1 669 153

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Póstafgreiðslumenn	47	IX.—X.	— 3 369 649
	Bréfberar	39	XII.	— 2 374 978
	Húsvörður	1	XII.	— 60 900
		118		kr. 8 230 294

Akureyri:

Sími:

Umdæmisstjóri	1	VII.	kr.	85 772
Fulltrúi	1	VIII.	—	80 326
Yfirvarðstjóri	1	VIII.	—	80 326
Varðstjórar	2	XI.	—	129 340
Símritari	1	IX.	—	74 881
Símverkjar	2	IX.—X.	—	144 997
Næturvörður	1	XI.	—	64 671
Talsímakonur	22	XII.—XIII.	—	1 151 756
	31			kr. 1 812 069

Póstur:

Póstmeistari	1	VII.	kr.	85 772
Fulltrúar	3	VII.—IX.	—	230 082
Póstafgreiðslumenn	3	X.	—	210 329
Bréfberar	2	XII.	—	121 793
	9			kr. 647 976

Brú:

Sími:

Umdæmisstjóri	1	VII.	kr.	85 772
Varðstjóri	1	VIII.	—	80 327
Símritari	1	X.	—	70 117
Talsímakonur	5	XII.—XIII.	—	255 648
	8			kr. 491 864

Ísafjörður:

Sími:

Umdæmisstjóri	1	VII.	kr.	85 772
Varðstjóri	1	VIII.	—	80 327
Símritari	1	IX.	—	74 881
Línumaður	1	XI.	—	64 671
